

Borgarráð 28. nóvember 2024: Fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um leikskólalíkanið Snorra MSS24110186

Í breytingartillögu meirihlutans SBPC-7 sem taka á fyrir við seinni umræðu er lagt til að fjárheimildir skóla- og frístundasviðs verði hækkaðar um 1.737.000 þ.kr. vegna innleiðingar á nýju leikskólalíkani, Snorra. Í tillögunni er lögð til hækkun á framlagi upp á tæpa 2,2 milljarða til almennra leikskóla (1,7 milljarður) og til einkarekinna leikskóla (rúmar 400 milljónir). Hér eru ansi mikið aukin fjárútlát sem þarfnast frekari útfærslu. Hvað veldur? Er eitthvað nýtt í þessu líkani sem kallar á þessi auknu fjárútlát eða var fjárþörfin vanmetin í fyrri drögum að fjárhagsáætlun?